

## Fjölbreytileiki tannlækninga

Föstudagur 9. nóvember 2007

08.00 – 09.00 **Skráning og afhending gagna**

09.00 – 09.45 Elín Sigurgeirsdóttir



**Bit hækkad – Ýmsar leiðir til bithækkunar í tennum einstaklingum.**

Hækkun bits er vandasöm aðgerð sem skipuleggja þarf í þaula. Lýst verður nokkrum aðferðum til bithækkunar og þær útskýrðar með klínískum tilfellum.

09.45 – 10.30

Ægir Rafn Ingólfsson

**Notkun smásjár í tannlækningum.**

Það getur verið erfitt fyrir tannlækna að komast að þeim svæðum í líkamanum sem þeir vinna með. Þar við bætist að erfitt getur verið að sjá nógu vel. Notkun smásjár í tannlækningum hefur valdið byltingu á þessum vettvangi. Í þessum fyrirlestri verður farið í notku narmöguleika smásjár í tannlækningum almennt. Sérstaklega verður kynnt not hennar í tan nholsfræði og tengdum skurðaðgerðum.

10.30 – 11.00

Kaffihlé

11.00 – 11.45

Dr Guðmundur Á Björnsson

**Verkja stillandi og bólgueyðandi lyf eftir aðgerðir.**

Í fyrirlestri rínum verður farið yfir helstu verkja stillandi og bólgueyðandi lyf sem henta eftir aðgerðir í munnhóli og á kjálkum. Einnig verður farið yfir það mikil vægasta sem ber að hafa í huga við val á þessum lyfjum.



11.45 – 12.15

Dr Sigurður Rúnar Sæmundsson

**Verðmyndun í tannlækningum.**

Í öllum viðskiptum eru verðákvæðanir algerlega náttúrulegur hluti þess að eiga í viðskiptum. Tannlækna eiga hins vegar oft í miklum vandræðum með að taka verðákvæðanir, á skipulagðan og markvissan hátt. Í fyrirlestri um verður tannlæknum kynnt nokkur hugtök viðskiptafræðanna sem fjalla um verðlagningu og stöðsetningu á markaði með verðákvæðunum.



12.15 – 14.00

Matarhlé

14.00 – 14.30

Dr Sigurður Rúnar (frh)

14.30 – 15.30

Ragnheiður Hansdóttir

**Sjúkdómar í kjálkaliðum og tyggingarfærum (Temporomandibular Disorders).**

Fjallað verður um einken ni þessara sjúkdóma og orsakir, tíðni, dreifingu, helstu sjúkdómsgreiningar og meðferðarúræði. Síðan sýnd nokkur sjúkdómstilfelli eftir því sem tími vinnst til.



15.45 – 16.30

Dr Inga B Árnadóttir

**Glerungseyðing faraldur meðal íslenskra unglunga?**

Glerungseyðing er fjölþátta sjúkdómur sem hefur á síðustu árum farið vaxandi hjá unglöngum og tengist lífsstíl þeirra. Fjallað verður skilgreiningu, faraldsfræði og orsakir glerungseyðinga. Tillögur að meðferð verða kynntar.



16.30 – 17.15

Jónas Geirsson

**Viðkvæmni í tönnum eftir ísetningu plastfyllinga.**

Kvartanir sjúklinga um óþægindi í tönnum eftir viðgerðir með plastfyllingum eru býsna algengar og oft erfitt að eiga við. Fjallað verður um helstu orsakir, og leiðir til að fyrirbyggja þær.



# fréttabréf tannlæknafélags Íslands

september 2006

Laugardagur 10. nóvember

09.00 – 09.45 Árni Þórðarson



**KI II bitskekkja: Litið yfir farinn veg**

Ég ætla að deila með ykkur ríflega 20 ára reynslu af meðferð sjúklinga á ýmsum aldri, sem komu vegna afturbits (distalbits). Fjallað verður um notkun ýmissa tækja og tóla sem hafa áhrif á vöxt kjálka og tannarða, svo sem beislis, aktivators og bitspurnu, en þessi tæki eru yfirleitt notuð í yngri einstaklinga. Jafnframt verða sýnd dæmi um meðferð á unilaterala distalbiti með beisli; bitspurnu og loks údrætti sex ára jaxla í efri góm. Þá verður rætt um meðferð sjúklinga með grunnfrávik í kjálkaafstöðu, þar sem kjálkafærsluaðgerð er hluti meðferðar. Sýnd verða dæmi um "hefðbundin tilfelli", þar sem neðri kjálki er færður fram í endanlega stöðu meðan á aðgerð stendur, og "distraction osteogenesis", þar sem kjálkinn er lengdur smátt og smátt með sérstökum beintjökkum.

09.45 – 10.30

Magnús J Björnsson

**Bráðabirgðapartar – er það ekkert eitthvað sem tannsmiðurinn sér um?**

Bráðabirgðapartar hafa gjarnan gengið undir nafni drullupartar; hryllileg verkfæri sem eyðileggi aðligningartennur og beri að forðast sem heitan eldinn. Þetta illa orðspor á að einhverju leyti rétt á sér en stafar að mestu af rangri hönnu eða notkun. Allir tannlækna hafa sjúklinga sem þurfa að nota bráðabirgðaparta um lengri eða skemmri hríð. Því er mikil vægt að hönnu þeirra sé sem best svo þeir valdi sem minnst um skaða á nærliggjandi veffjum. Í fyrirlestri um verður farið í gegn um hönnu bráðabirgðaparta og notkunarmöguleika þeirra.



10.30 – 11.00

Kaffihlé

11.00 – 12.00

Bjarni Róbert Jónsson

**Málmálskrónur, eða hvað?**

Á síðustu fimm árum hefur landslagið breyst mikið hvað varðar úrval efna til krónusmíða. Margar spurningar vakna um hin og þessi nýju efni og aðferðir sem tannlækna og tannsmiðir þurfa að kunna skil á.

12.00 – 13.00 Matarhlé

13.00 – 14.30

Kristín Heimisdóttir og Bjarni E Pjetursson

**Tannplanta og tannréttingar**

Á síðustu árum hafa tannréttingar fullorðinna notið æ meiri vinsældar. Nýjir möguleikar hafa opnast með tilkomu tannplanta. Ekki aðeins getur meðferðin verið einfaldari, heldur einnig tekið skemmri tíma. Í þessum fyrirlestri verður farið yfir undirbúningu fullorðinna sjúklinga áður en haldið er af stað í tannréttingarméðferð. Útskýrt verður hvernig tannplantar geta einfaldað meðferð og sýnd verða dæmi hvernig tannplantar eru notaðir í tannréttingarméðferð sem og heildarlausnir flókin tilfella.



TEL 80 ára

TEL 80 ára

ÁRSPING 2007

Verður haldið í Laugardalshöll föstudaginn 9. og laugardaginn 10. nóvember 2007

Vegleg vörusýning í anddyri og hlíðarsölum.

Veitingar á staðnum

Innlendir fyrirlesarar

Opnunarhófi í boði VÍS að loknum fyrirlesturum á föstudeginum. Aðstoðarfolk velkomni á vörusýningu og opnunarhófi

Afmælishófi laugardagskvöld Súlnasal Hótel Sögu

## Tillaga að nefndum og ráðum félagsins starfsárið 2007- 2008 (frh)

### 15. VEIT - Virk Endurmenntun Íslenskra Tannlækna

Fulltrúi stjórnar TFÍ: Stefán Hallur Jónsson, fulltrúi tannlæknadeildar HÍ: Björn Ragnarsson. Fulltrúi TFÍ: Þorsteinn Sch. Thorsteinsson  
Hlutverk nefndarinnar er að meta þau námskeið, fyrirlestra, þing og greinalestur sem gefa einingar í VEIT. Nefndin setur sér nánari reglur um einingamat og kynnrir í fréttabréfi TFÍ eða á aðalfundi. Í samráði við framkvæmdastjóra heldur nefndin skrá yfir tannlækna sem stunda VEIT. Árlega eru gefin út viðurkenningarskjöl til handa þeim tannlæknum sem uppfylla skilyrði VEIT. Einnig sér nefndin um það í samráði við framkvæmdastjóra að merkja þá tannlækna með auðkenni VEIT í Símaskrá. Tillaga að breyttum starfsreglum og lögum VEIT eru lögð fram á aðalfundum TFÍ.

### 16. Vísindasjóður

Formaður félagsins, Þórarinn Jónsson og Þórarinn J. Sigurðsson.

### 17. Kynninganefnd

Berglind Jóhannsdóttir, Þorsteinn Páll Hængsson og fulltrúi stjórnar Stefán Hallur Jónsson.

### 18. Fulltrúi í sáttanefnd TFÍ, Landlæknis og Neytendasamtaka

Björn Þorvaldsson og til vara Björgvin Ó Jónsson

### 19. Félagshemilisnefnd

**Erna Rún Einarsdóttir, Hallfríður Gunnsteinsdóttir, Margrét Huld Hallsdóttir, Sonja Rut Jónsdóttir, fulltrúi stjórnar**

Nefndin sér um félagshemilili tannlækna, kemur með tillögur að nýtingu og uppákomum í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra.

### 20. Stjórn félagsins

Formaður : Sigurjón Benediktsson

Stjórnarmenn: Ingibjörg Sara Benediktsdóttir, Kristín Gígja Einarsdóttir, Stefán Hallur Jónsson, **Sigurður Benediktsson**

Varamenn í stjórn: Petra Vilhjálmsdóttir, Sigurður Þórðarson

### Vegna aðalfundar

**Aáalfundur hefur verið löglega boðaður fimmtudaginn 8. október 2007 kl 20:00 í Félagshemilinu þeir sem ætla að leggja fram tillögur eða bjóða sig fram til starfa innan félagsins skulu hafa samband við skrifstofu félagsins fyrir mánudaginn 22. október 2007**

**Endanleg dagskrá verður send út viku fyrir aðalfund samkvæmt lögum félagsins**

**Stjórn mun beita sér fyrir því að endurvekja sáttanefnd félagsins og fela fulltrúa félagsins í sáttanefnd TFÍ, Landlæknis, og NS ásamt varamanni að taka að sér þessi störf**

**Félagshemilisnefnd verður einnig endurvakin með fulltrúum nýrra tannlækna**

### Skýrsla Úrskurðarnefndar.

Í ár hefur enginn fundur verið haldinn eða boðaður í Úrskurðarnefnd TFÍ, Neytendasamtakanna og Landlæknis, fremur en á síðasta ári og mér vitanlega engin mál borist. Svo virðist sem Tryggingafélagin sjái alfarið um þessi mál, nema enginn ágreiningur hafi komið upp milli sjúklinga og tannlækna, sem óskandi væri!

Björn Þorvaldsson.

# Félagssfundur

Fimmtudaginn 25. október 2007

Félagshemilinu Síðumúla

Klukkan 18:00

## Svæfingar í tannlækningum I

Fulltrúi frá Félagi svæfingar- og gjörgæslulækna

Léttur kvöldverður klukkan 19:00

## Svæfingar í tannlækningum II

20:00 - 20:20 Helga Ágústsdóttir, deildartannlæknir heilbrigðisráðuneyti

20:20- 20:40 Helgi Hansson, barnatannlæknir

Félagsmál

Önnur mál

Vinsamlegast skráið ykkur í matinn á skrifstofu TFÍ  
tannsi@tannsi.is eða 575 -0500



# fréttabréf tannlæknafélags íslands

október 2007

## Skýrsla ritstjóra Tannlæknablaðsins

Starf ritstjórnar hefur verið með hefðbundnum hætti sl. ár. Ásgeir Sigurðsson hætti í ritnefnd en Helgi Hansson kom í hans stað en auk hans eru Berglind Jóhannsdóttir og Jónas Geirsson ásamt ritstjóra í nefndinni. Eitt tölublað kom út árið 2006 ýfið seinna en áður eða í desember. Nú er hins vegar stefnt að útgáfu 2007 blaðsins í nóvember. Þegar þetta er skrifað er útlit fyrir margar áhugaverðar greinar birtist í blaðinu og þakkar ritstjórn þeim höfundum sem sent hafa inn efni og augljóslega hafa lagt mikla vinnu í sínar vísindagreinar, en ritstjóri lýsir eftir greinum frá hinu opinbera um MUNNÍS rannsóknina, þó ekki sé nema fáein orð frá ábyrgðarmönnum hennar. Tannlæknablaðið er jú eina blaðið á Íslandi helgað tannlækningum. Nú þegar ég læt af störfum í ritstjórn vil ég þakka samstarfsfólki mínu í ritnefnd fyrir sérstaklega ánægjuleg samskipti og fórnúst starf í þágu íslenskra tannlækna, eins vil ég þakka Anný Antonsdóttur fyrir alla aðstoðina þessi þrjú ár sem ég hef ritstýrt blaðinu.

Október 2007. Ingibjörg S. Benediktsdóttir

## Neyðarvakt TFÍ

Þetta starfsár var fjöldi tannlækna við vaktina 17. Vaktin var sem áður milli kl. 11 og 13 alla laugardags- og sunndagsmorgna og alla hátíðisdaga ársins.. Engin neyðarvakt er um kvöld og nætur en vakthafandi tannlæknar sinna neyðartilvikum á vikrum dögum á auglýstum opnunartímum. Skipulag vaktarinnar fer fram í desember og geta félagsmenn skráð sig á vaktina eða sagt sig frá henni.. Auglýsing þar að lústandi mun verða send út á tölvupósti og sett á heimasíðu félagsins í nóvember og desember.

Anný Antonsdóttir

## Erlend samskipti, CED og ERO

CED (Council of European Dentists) hélt árlegan fulltrúafund sinn í Londons dagana 10.-12. maí s. l. Fundurinn var sóttur af 94 fulltrúum þeirra 26 landa, sem eru meðlimir auk áheyrnarfulltrúa frá 4 löndum (þ.á m. undirritaður frá Íslandi).

Auk vejjulegra aðalfundarstarfa, reikningar, fjárhagsáætlun o. s. frv

fór fram stjórnarkjör. Nýr forseti var kosinn, Dr O Monteiro da Silva frá Portúgal.

Inntaka tveggja nýrra meðlima, Tannlæknafélags Búlgaríu og félags sjálfstætt starfandi tannlækna í Rúmeníu var borin upp og samþykkt.

Önnur mál á dagskrá voru m.a:

- EB áherslur á heilbrigðis þjónustu-Codex Ethicus -Menntunar og hæfniskröfur-Framtíð tannlækninga -Tannlýsingarefni
- Amalgam (Samþ.ályktun um mikilvægi amalgams í tannlækningum)

ERO (Evrópudeild FDI) hélt sinn árlega aðalfund í Moskvu dagana 20.-21. Apríl. Við tókum ekki þátt að þessu sinni.

Á þessum fundi var kosin ný stjórn, forseti Patric Hescot, Frakkl til næstu 2ja ára.-Annað á dagskrá var m. a. skýrslur vinnuhópa

Liberal dental practice í Evrópu. Stækkun ERO, 6 nýir meðlimir-Prevention-Quality-Basic +endurmenntun-Konur í tannlækningum, 69% tannlækna í Evrópu eru konur-Ráðgerður vinnuhópur um sameiginlegt álit. Tema 2007 :verkjameðferð.-Undirritaður hefur að öðru leyti að mestu séð um tölvusamskipti við ofangreind samtök.

Sigurður Þórðarson

## Skráning á Ársþing og á afmælishófið fer fram á netinu .

**Farið inn á heimasíðu <http://tannsi.is>**

**Farið inn í "TFÍ - ýmsar upplýsingar" - nýr gluggi opnast**

**Velja þar "Ársþing" - þá kemur upp nýr gluggi**

**Velja þar "Skráning" - nýr gluggi opnast**

**Renna niður alla síðuna og fylla út eins og kynnt er**

**Hafa kredit korta númer tilbúið og rita það í viðkomandi reiti**

**Setja bendil yfir "skrá" og ýta á enter**

**FYLGID LEIÐBEININGUM**

Félagið stendur í stórræðum þessi misserin. Auk þess að hafa endurbyggt félgsheimilið nánast frá grunni er nú að koma út nýtt Tannlæknatal með nýjum upplýsingum um meir en 100 tannlækna. Afmæli félagsins og ársþing eru á næsta leiti .

Því er erfitt að eiga útistandandi 1,5 milljónir í félagsgjöldum. Gjöldum sem eru lág miðað við önnur fagfélög.

Félagið mun innheimta ógreidd félagsgjöld með innheimtuaðgerðum eftir gjalddaga til að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Tannlæknatalið kemur út fyrir ársþing og verður dreift til félaga á þinginu og sent til annarra. Allir félagar í TFÍ munu fá tvö eintök af þesari eigulegu bók og greiða fyrir það 15.000 krónur, sem verður innheimt með árgjaldi.

Leitað hefur verið álits landlæknis á þeirri hugmynd að sérhver tannlæknir hefði möguleika á að kynna viðmiðunargjaldskrá sína á vef félagsins. Landlæknir samþykkti hugmyndina og mun næsta stjórn væntanlega hefjast handa þegar að loknu ársþingi og koma málinu í höfn. Hér verður um að ræða möguleika fyrir tannlækna að kynna sig og staðsetningu stofu sinnar auk upplýsinga um verð samkvæmt viðmiðunargjaldliðum Neytendastofu. Það er miður að tannlæknar hafi ekki sinnt þeirri lágmarksskyldu í samkeppni að birta viðmiðunarverð á stofum sínum. Með ofangreindri aðferð gefst öllum kostur á að kynna verðskrá sína og almenningur getur kynnt sér það sem tannlæknar hafa fram að færa

## Skýrsla Hag og Rekstrarnefndar 2006 - 2007

Í Hag- og Rekstrarnefnd TFÍ - H&R - voru kosnir á aðalfundi: Börkur Thoroddsen, Halldór Halldórsson, Kristján Víkingsson, og Þorsteinn Sch. Thorsteinsson. Enn-fremur situr formaður TFÍ, Sigurjón Benediktsson í nefndinni. Nefndin fundaði í september og ákvað að fara rækilega ofan í stofnkostnað stofu, sem virðist vera of lágt metinn. Stofnkostnaður hefur árið á afskriftir og fjármagnskostnað, en þeir þættir vega þungt í grunni. Samskipti nefndarmanna fara að mestu fram á netinu.

Í starfslýsingu segir að eitt af hlutverkum H&R sé að „veita félagsmönnum upplýsingar um breytingar á launa- og kostnaðarluta rekstrar“. Í ársskýrslum H&R er aðferðin sú að bera breytingarnar saman við þann kostnaðargrunn og þann launalið sem ákveðin var í samningi TR og TR hinn 15. apríl 1992. H&R notar nákvæmlega sömu aðferðir við útreikninginn - 22 vísitölur og breytur - sem samkomulag var um þegar samningur við TR var í gildi. Í grunn er svo bætt inn þeim rekstrarliðum sem stjórn og gjaldskrárnefnd ákváðu að taka inn í grunn eftir að samningurinn féll úr gildi hinn 31. okt. 1998, en þar hafði H&R „frumkvæði að tillögum að nýjum liðum og breytingum“ í aðgerðarskrá eins og segir í starfslýsingu nefndarinnar. Á þriðja tug félagsmanna voru kallaðir til verksins í nóvember 1998. Ekki hafa borist óskir eða tillögur frá félagsmönnum um breytingar á aðgerðarskrá síðan. Um aðgerðarskrá TFÍ er fjallað í skýrslu H&R 2003 – 2004, en eldri skýrslur má nálgast má á vefsíðu TFÍ. Í þeim má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar, sem falla undir starfssvið nefndarinnar.

Skv. Samkeppnislögum er samráð um gjaldskrá tannlækna óheimilt. Útreikningar H&R eru eingöngu leiðbeinandi. Útreikningarnir eru einungis framreikningur á grunn og launalið sem gildir þegar samningur var við TR um fastan taxa. Útreikningarnir geta samt hjálpað tannlæknum til að sjá hvort rekstur þeirra og afkoma er í „takt við vísitölustofuna“ þegar þeir skoða eigin rekstrarlið. Á vefsíðu breska tannlækna-félagsins <http://www.bda.org> má nálgast leiðbeiningar um hvernig gera má eigin gjaldskrá – Advice Sheet C8: „Fee Setting in Private Practice“.

Grunnurinn 1. sept. 2007, sýnir að ársvelta „vísitölustofu“ er nú kr. 23.766.522. (kr. 21.576.934 árið 2006) Rekstrarkostnaður á ári er kr. 15.126.988, (13.893.746 árið 2006). Brúttólaun tannlækna eru kr. 8.639.534, kr 719.961 á mánuði, (7.683.188 - 640.286 árið 2006). Launaliðurinn er nú 36,35% af veltunni og kostnaður 63,65%. Um trúverðuleika eða marktækni þessa hlutfalls má sjá í skýrslu H&R 2002 – 2003.

Til þess að ná árslaunum þeim sem Ríkisskattstjóri setur tannlæknum vegna reiknaðs endurgjalds (flokkur A4) kr. 7.140.000, þarf ársveltan að vera kr. 22.259.491 og innkoman á hverja unna klíniska klukkustund kr. 18.093. Ríkisskattstjóri reiknar með 595.000 króna mánaðarlaunum. Sjá má skrif um samanburð á reiknuðu endurgjaldi Ríkisskattstjóra og á launalið TFÍ í skýrslu H&R 2005 – 2006.

Þegar tannlæknir reiknar út gjaldskrá sína eftir eigin rekstratölum þarf hann að hafa í huga að viðvera á stofu er ekki sama og klínískur vinnutími, sem er 1236 stundir á ári. Klínískur vinnutími er sá eini sem tannlæknirinn getur tekið þóknun fyrir. Reiknað endurgjald Ríkisskattstjóra er brúttólaun. Af þeim launum þarf að greiða í lífeyris-/eftirlaunasjóð. Enginn greiðir tannlæknum laun í orlofi og veikindum. Enginn greiðir honum eftirlaun. Enginn afhendir tannlækni starfslokasamning með gullnu handsali, hvað þá gullna fallhlíf.

Börkur Thoroddsen

## Skýrsla Ársþings og endurmenntunarnefndar.

Árið 2006-2007.

Í nefndinni sátu Jónas Geirsson formaður, Gunnlaugur Rósarsson, Sólveig H. Jónsdóttir, Helgi Hansson, Kristín Heimisdóttir og Hængur Þorsteinsson. Starf nefndarinnar fólst að venju að mestu leyti í undirbúning og skipulagningu á janúar kúrs og ársþings. Að þessu sinni var aðalfyrirlesari ársþings TFÍ 2006 prófessor William P. Saunders og fjallaði hann um róttfyllingar og uppbyggingu á róttfylltum tönnum. Á laugardegi talaði Pétur Gunnarsson lyfjafræðingur um víxlverkun lyfja, Solveig Hulda Jónsdóttir um eðli tannfærslna og Árni Þórðarson um áverka á framtönnum og tannígræðslu. Samhliða ársþingi TFÍ var dagskrá fyrir tanntækna og aðstoðarfólk. Þar voru haldin fjögur erindi: Pétur Gunnarsson fjallaði um lyfjaskápa á tannlæknastofum, Svend Richter um réttartannlæknisfræði, Karl Örn Karlsson um tennur í fornum sögum og Gísli Engilbert Haraldsson læknir um skyndihjálp og endurlífgun á tannlæknastofum. Alls sóttu um 350 manns þingið.

Hinn árlegi janúar kúrs var að þessu sinni með öðru vísi sniði en tíðkast hefur. Þátttakendum var skipt upp í umræðuhópa þar sem meðferðaráætlun tilfella, sem höfðu verið kynnt, var skipulögð og kynnt fundarmönnum. Utan um námskeiðið héldu með myndarbrag heiðurshjónin Kristín Heimisdóttir og Bjarni Elvar Pjetursson. Var gerður góður rómur að þessari nýbreytni og verður vonandi framhald þar á.

Undirbúningur hefur verið á fullu fyrir næsta ársþing sem verður haldið í tengslum við 80ára afmæli TFÍ. Nefndin markaði þá stefnu fyrir allnokkru, í tilefni þessara tímamóta, að allir fyrirlesarar yrðu íslenskir og erindin yrðu sem fjölbreyttust. Alls munu 11 tannlæknar og einn tannsmiður halda erindi.

Undirbúningur er hafinn fyrir janúar kúrs 2008. Þar verða að öllum líkindum einnig alfarið íslenskir fyrirlesarar og þemað er áætlað sem aðkoma hinna ýmsu greina tannlækninga að barnatannlækningum og tannréttingum.

Jónas Geirsson

**Munið að greiða árgjaldið**

**Munið afmælishófið á Hótel Sögu laugardagskvöldið 10. nóvember**

**Skráðið ykkur á Ársþing sem verður 9. og 10. nóvember**

**Mætið á aðalfund fimmtudaginn 8. nóvember í Félagsheimilinu**

**Munið Tannlæknatalið**

### Skýrsla Lyfjanefndar

Starfsár nýrrar lyfjanefndar hófst á því að halda áfram þeirri vinnu er fyrri nefnd hafði unnið að varðandi breytinga á regugerð um lyfja ávísanir tannlækna. Hafði fyrri nefnd unnið að mestu að þessu og var lítið hægt að hnika eftir að ný nefnd tók við en þó tókst koma inn smávægilegum breytingum til batnaðar. Ný reglugerð var síðan auglýst í janúar 2007.

Lyfjanefnd hittist að vori til að skifa nýsettum heilbrigðisráðherra bréf vegna vanda er upp kom vegna vöntunar á flúrolausnum til munnskólunar skólabarna. Var það bréf sent í júní en enn sem komið er hefur lítið borið á svörum ráðherra.

Ásgeir Sigurðsson



# fréttabréf tannlæknafélags Íslands

október 2006

### Skýrsla Minjasafnsnefndar

Fátt merkilegt hefur gerst hjá okkur þetta starfsárið. Gjafir til safnsins hafa verið fáar en þó bættist við hjá okkur stóll og fleira frá Guðjóni Axelssyni og er honum hér með þakkað fyrir hans framlag.

Stjórn TFÍ hefur veitt safninu styrk að upphæð 100.000.- krónur til að mynda safnið og er undirbúningur hafinn af því. Safnið er á sama stað í Byggjörðum 7, Seltjarnarnesi í 200 fm húsnæði og fer vel um það, en erfitt er að vera með það til sýnis.

Biðum nýrrar byggingar yfir Nesstofusafn en þar mun minjasafn okkar lenda fyrir rest. Bygging stofunnar hefur þegar verið ákveðin en þörf er að minna á að safnið okkar á þar heima og þarf að gera ráð fyrir því í upphafi.

Minni ykkur á að hafa samband við Ólaf Björgúlfsson, Guðmund R Ólafsson og undirritaðan ef eitthvað safnlegt rekur á ykkar fjöru.

Birgir Jóh Jóhannsson

## AÐALFUNDUR

**aðalfundur TFÍ verður haldinn í félagsheimilinu Síðumúla 35 fimmtudaginn 8. nóvember 2007 klukkan 20:00**

**Dagskrá:**

**Venjuleg aðalfundarstörf Önnur mál**

### Skýrsla ritnefndar tannlæknatala 2007

Á seinasta ári var hafinn undirbúningur að gerð nýs stéttartals íslenskra tannlækna. Unnið hefur verið sleitulaust þetta ár.

Ritstjóri er sem fyrr Gunnlaugur Haraldsson, þjóðháttfræðingur. Lýður Björnsson, sagnfræðingur ritar sögu tannlækninga á Íslandi.

Nú er lokaundirbúningur hafinn. Búið er að safna saman nánast öllum æviskrám tannlækna en það tekur mestan tíma. Langflestir kollegar hafa brugðist skjótt við og ber að þakka það.

Vonandi verður innan tíðar tilbúin vönduð bók sem geymir upplýsingar um íslenska tannlækna.

Í ritnefnd tannlæknatala eru sem fyrr: Gunnar Rósarsson, Gunnar Þormar, Jónas B. Birgisson og Sigurjón Sigurðsson

f.h. ritnefndar tannlæknatala

Sigurjón Sigurðsson.

**Afmælishóf 1927 – 2007**

**80 ára afmæli TFÍ**

**Súlnasalur Hótel Sögu laugardaginn 10. október**

**dagskrá :**

**húsið opnað kl . 19:00**

**hátíðin sett kl . 19:30**

**Hátíðarkvöldverður :**

**humarmedalitur með blómkaalsmauki, tómatsfondue og sætvíns-humarsósu**

**húningsgljáð önd með sykruðum eplum og haustgrænmeti**

**marengsís með pistasíunougat og eldsteiktum ananas**

**skemmtiatriði af stofum tannlækna - hátíðarræða kór félagsins - dans og djamm**

**Verð kr. 10.000**



*október 2006*

# fréttabréf tannlæknafélags íslands

## Skýrsla formanns 2007

Stétt tannlækna telur ekki marga. Tannlæknar eru nú 330 í félaginu en af þeim eru tæplega 290 starfandi að einhverju eða öllu leyti við tannlækningar.

Því eru högg sláttumannsins mikla þung í okkar hópi. Frá síðasta aðalfundi hafa fjórir  tannlæknar fallið frá. Þrír félagar í TFI í fullu starfi þeir Lárus Arnar Pétursson, Gylfi Felixson og Hörður Sævaldsson og  Jón Jónasson  sem ekki hafði stundað tannlækningar síðustu ár. Blessuð sé minning þeirra.

Við höldum nú aðalfund í nýju húsnæði og er það ánægjulegt og verður okkur til heilla, hugnist okkur staðurinn og umgjörðin. Byggingaframkvæmdum eru gerð skil í Tannlækna blaðinu. Ég óska félaginu til hamingju með þennan áfanga. Síðasta ár var eitt hið viðburðarríkasta í sögu félagsins. Segja má að tannlækningar og tannlæknar hafi verið milli tannanna á fjölmiðlum mest allt árið. Aldrei þessu vant var umræðan sanngjörn og mun jákvæðari en oft hefur verið. MUNNÍS rannsóknin, vísindaleg úttekt á munnehilsu íslendinga, kveikti þá elda sem enn brenna á heilbrigðiskefinu. Umræðan  og niðurstöður rannsóknarinnar leiddu til þess að Tannlæknafélagið og Samninganefnd heilbrigðisráðuneytis náðu samningum um ákveðnar tannlækningar þriggja og tólf ára barna. Ekki voru allir á eitt sáttir að ganga til samninga hvað þá að leggja samningatillögu undir félagsmenn í póstkosningu. En niðurstaðan er ljós. Tvö hundruð og sautján tannlækar hafa samþykkt að vinna eftir samningnum. Hann gildir aðeins í 18 mánuði frá undirskrift og lýkur því samningstímabilinu um áramótin 2008-2009. Fróðlegt verður að fylgjast með hvað kemur út úr þeim skráningum sem er fylgifiskur samkomulagsins og rétt er að hvetja tannlækna til að sinna þessari skráningu af alúð og nákvæmni. Telja verður að þessi samningur og umgjörð hans hafi eftl stéttarvitund og starfsánægju tannlækna.

Þórunn Þórunn

Ekki er að sjá að hið opinbera ætli að halda áfram á þeirri braut að koma tannheilsu tryggingaþega í eitthvað horf. Engin merki eru á lofti um auknar greiðslur til tryggingaþega og bilið milli raunverulegs kostnaðar og styrkja tryggingakerfisins eykst stöðugt. Á síðasta aðalfundi voru samþykkt ný lög og nýjar siðareglur fyrir félagið okkar. Ekkert hefur komið annað fram en þetta hafi verið tímabært skref og  hefur skilað aukinni skilvirkni. Einn er þó sá þáttur sem félagið verður að taka á, fyrr en síðar, og það er hvernig við eigum að kynna starf okkar og verðlagningu án þess að lenda í hringiðu auglýsinga, skrums og skætings. Rétt er að huga að því að félagið opni heimasíðupláss þar sem félagar geta sjálfir kynnt sig og sína þjónustu. Landlæknir hefur þegar samþykkt slíka útfærslu.

Breytingar hafa því orðið miklar hjá okkur tannlæknum. En sama gamla stjórnin stóð við stýrið þennan tíma og er ánægjulegt að sjá að öll stjórn og varamenn, utan einn, hafa ákveðið að gefa kost á sér til stjórnarstarfa áfram næsta ár. Ritari stjórnar til tveggja ára, Magnús Jón Björnsson, hefur ákveðið að láta þetta nægja. Hann hélt uppi sínum skoðunum til enda og hélt öllum við efnið. Við þökkum honum frábært starf. Framkvæmdastjóri okkar eins og áður er Anný Antonsdóttir.

Auk hefðbundinna stjórnarstarfa er það orðið hluti af starfi formanns að rækta samband við opinbera aðila sem koma að heilbrigðismálum. Á þeim tíma er undirritaður hefur sinnt formannsstarfi hafa þrír ráðherrar gegnt starfi heilbrigðisráðherra, Við stjórnarskipti kemur nýtt fólk inn í nefndir og ráð, embættismenn skipta um starf. Þannig hafa þrír formenn samninganefndar HTR komið að borðum og þannig mætti lengi telja. Tryggingatannlæknir er þó enn sá sami.

Samstarfsnefnd sem byggð er á samningi frá því í sumar er virk en það verður að segja að ótrúlega fáir og smáir hnökrar hafa komið upp varðandi samninginn en vissulega er margt sem þarf að laga í samskiptum tannlækna og TR. Á fyrsta fundi nefndar-innar var tekin ákvörðun um að notkun samningsliðanna tveggja væri óháð tímatakmörkunum TR hvað varðaði fyrri heimsóknir en takmarkanir giltu fram í tímann. Einnig hafa nokkur mál einstakra tannlækna verið leyst farsællega. Málefni sérfræðinga báru einnig á góma og er það undarlegt að fjöldi tannlækna sem hefur aflað sér sérmenntunar hefur ekki sinnt því að fullnægja kvöðum til að fá sérfræðiréttindi sín viðurkennd formlega. Er það öllum til бага.

Svæfingar í tannlækningum hafa verið í umræðunni og pólitísk „lausn“ ráðuneytisins getur ekki verið sú framtíðarlausn sem félagið getur sætt sig við. Félagið sættir sig ekki við ríkisrekna einokun á svæfingum og því síður einokun einstakra tannlækna á þeirri aðstöðu sem ríkið býður. Svæfingar eiga að geta farið fram á þeim tannlæknastofum og stofnunum sem uppfylla allar reglur um aðstöðu og öryggi sem slíkar aðgerðir krefjast.

Hitt er einnig umhugsunarvert hvernig, og af hverju aðgerðum í svæfingum fer hratt fjlgandi og væri það vert rannsóknaefni.

Þórunn Þórunn

Nú á síðustu metrum þessa starfsárs munu félagar fá í hendur Tannlækna blaðið sem er undir öruggri stjórn varaformannsins Ingibjargar Söru Benediktsdóttur. Hún sá einnig um erlend samskipti ásamt Sigurði Þórðarsyni varamanni í stjórn. Tannlæknatalið, frábært og einstakt uppflettirit, kemur út fyrir ársþing. Þar er á ferðinni merk bók sem allir tannlæknar verða að eiga. Þar er að finna upplýsingar um eitthundrað tannlækna sem ekki var að finna í talinu frá 1997 og sögu tannlækninga eru gerð góð skil. Rétt er að þakka ritnefnd þeim Sigurjóni Sigurðssyni, Gunnari Þormar, Gunnari Rósarssyni og Jónasi Birgissyni  fyrir eljuna og dugnaðinn Tannlæknafélagið er 80 ára nú á haustdögum. Af því tilefni er Ársþing okkar með sérstöku sniði. Allir fyrirlesarar eru heimamenn og á laugardagskvöldinu verður afmælishóf í Súlnasal Hótels Sögu. Tannlæknar ætla allir að mæta og skemmta sér vel og dyggi-lega.

Félagsfundir voru sjö á árinu, stjórnarfundir tólf og sex fréttabréf komu út.

Sigurjón Benediktsson

### Tillaga um nefndir og ráð fyrir starfsárið 2007 - 2008

Gunnar Rósarsson, Halldór Fannar, Helga Þórdís Gunnarsdótti, Ingólfur Eldjárn, Jón Björn Sigtryggsson, Margrét Hjaltadóttir og Þorsteinn P. Hængsson.

1.Árshátíðar- og skemmtinefnd
Gunnar Rósarsson, Halldór Fannar, Helga Þórdís Gunnarsdótti, Ingólfur Eldjárn, Jón Björn Sigtryggsson, Margrét Hjaltadóttir og Þorsteinn P. Hængsson.
Nefndin sér um og skipuleggur árshátíð félagsins, jólaball barna og aðrar skemmtanir sem ákveðnar eru á vegum félagsins og fram fara utan félagsheimilis TFÍ. Fjárhagsáætlun skemmtana-halds skal unnin í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins og skal hún miðast við að hver skemmtun sé hallalaus.

#### 2. Ársþings- og endurmenntunarnefnd

Jónas Geirsson, Gunnlaugur J Rósarsson, Helgi Hanson, Solveig H Jónsdóttir Hængur Þorsteinsson, Kristín Heimisdóttir og fulltrúi stjórnar.
Nefndin skipuleggur ársþing í samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins. Fastsetja skal tíma ársþings með a.m.k. eins og hálfs árs fyrirvara. Strax að loknu ársþingi skal nefndin koma saman, skipta með sér verkum og ákveða þingstað og faglega dagskrá næsta ársþings. Leita skal tilboða vegna fundasala og veitinga og gera fjárhagsáætlun fyrir þingið. Nefndin skal ásamt framkvæmdastjóra gera í upphafi væntanlegum fyrirlesurum skilmerkilega grein fyrir hugmyndum ársþingsnefndarinnar um efnistöku fyrirlesturs, tímalengd og væntanlegan fjölda þátttakenda. Samið skal fyrirfram um þóknun til fyrirlesara. Bráðabirgðadagskrá ásamt fjárhagsáætlun skal lögð fyrir stjórn TFÍ til samþykktar. Fyrir ársþing skulu nefndarmenn vera búnir að skipta með sér verkum og vera tiltækir vegna þeirra fjölmörgu starfa sem tilheyra slíku þinghaldi. Nefndarmenn greiða ekki þátttökugjald en borga matarkostnað. Námskeiðsmat nýliðins ársþings skal liggja fyrir á fyrsta fundi nýrrar ársþingsnefndar. Skal hafa það til hliðsjónar fyrir undirbúning næsta þings og niðurstöður matsins skulu kynntar viðkomandi fyrirlesurum. Auk ársþings hefur nefndin frumkvæði að fyrirlestrahaldi fyrir félagsmenn annan tíma ársins eins og nefndarmenn telja best verða við komið. Endurmenntunarmál félagsmanna heyra undir ársþingsnefnd. Nefndarmenn eru sex auk fulltrúa stjórnar. Þeir eru kosnir til þriggja ára.

#### 3. Fulltrúi TFÍ í sérfræðinefnd

**Ásgeir Sigurðsson**, Sigurjón Arnlaugsson, varamaður

Nefndin er skipuð skv. 5.gr.laga nr. 38/1985 um tannlækningar. Hún fjallar um reglur um nám sérfræðinga og umsóknir um sérfræðileyfi á sviði tannlækninga. Nefndin er þannig skipuð að deildarforseti Tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, annar er yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins og hinn þriðji skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. TFÍ skal einnig tilfæna einn varamann. Nefndin skal einnig kveðja til tvo sérfróða menn til þátttöku í meðferð einstakra mála er varða viðkomandi sérgrein og fá þeir þá atkvæðisrétt í nefndinni.

#### 5. Gerðardómur

Helgi Magnússon, Sigurður Þórðarson, Þórir Schiöth, Þórarinn Jónsson og Heimir Sindrason.

Í gerðardómi sitja 5 fyrrverandi formenn TFÍ. Hlutverk dómsins er að fjalla um brot félagsmanna á lögum og siðareglum félagsins eftir árangurslausar áminningar stjórnar félagsins. Gerðardómur ákveður frekari refsingu og getur vísað félagsmanni úr TFÍ.

Þórunn Þórunn

#### 6. Hag- og rekstrarnefnd (áður Gjaldskrárnefnd)

Börkur Thoroddsen, Halldór G Halldórsson, Kristján Víkingsson, Þorsteinn Sch.Thorsteinsson og formaður félagsins.

Hag- og rekstrarnefnd skal hafa frumkvæði að tillögum að nýjum liðum og breytingum í gjaldskrá TFÍ og TR vegna tryggðra sjúklinga. Nefndin skal vera tengiliður milli félagsmanna og samstarfsnefndar TR og TFÍ. Henni ber að koma á framfæri við samstarfsnefndina óskum og tillögum frá félagsmönnum. Þá ber nefndarmönnum að veita félagsmönnum upplýsingar um breytingar á launa- og kostnaðarhluta rekstrar. Það er í verkahring formanns nefndarinnar að taka saman ákveðnar hagtölur árlega, sem skipta rekstur félagsmanna máli, til upplýsingar fyrir félagsmenn. Nefndin sér um að útreikningur á gjaldskrá TR og TFÍ fari fram samkvæmt samningi. Nefndin kemur saman í hvert sinn sem breyting verður á gjaldskrá félagsins og TR, fer yfir útreikninga og samþykkir hverju sinni. Nefndarmenn eru fjórir auk formanns félagsins. Þeir eru kosnir til eins árs í senn.

Þórunn Þórunn

#### 7. Lyfjanefnd

Ásgeir Sigurðsson, Elín S Wang, Rolf Hansson og Guðmundur Á. Björnsson

Nefndin skal fylgjast með lyfjamálum sem lúta að tannlækningum. Henni ber að kynna félagsmönnum upptöku nýrra lyfja og lyfjalöggjöf er lýtur að tannlækningum. Nefndarmenn eru þrír, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn maður úr nefndinni.

Þórunn Þórunn

#### 8. Minjasafnsnefnd

Birgir J. Jóhannsson, Guðmundur Rúnar Ólafsson og Ólafur Björgúlfsson

Nefndin hefur það hlutverk að halda til haga merkum munum og tækjum sem tengjast tannlækningum. Nefndin skal sjá um að skrásetja safnmunina og hafa safnið í góðu lagi og aðgengilegt til skoðunar fyrir félagsmenn og aðra. Formaður nefndar skal skila skýrslu fyrir aðalfund.

Þórunn Þórunn

#### 9. Orða- og fræðslunefnd

**Björgvín Ó Jónsson** Einar Ragnarsson og Karl Örn Karlsson

Hlutverk orðanefndar er söfnun og smíði orða er lúta að tannlækningum. Nefndin skal m.a. gera tillögur til samstarfsnefndar TR og TFÍ um orðalag í gjaldskránni og íslensk orð í stað erlendra. Nefndin gefi út orðalista, sem birtist í FRÉTTABRÉFI TFÍ og TANNLÆKNABLAÐINU. Fræðslunefnd skal sjá um útgáfu á fræðsluefni fyrir tannlækna sem nýtist við fræðslu sjúklinga, og öðru handhægu efni sem hægt væri að lána út til leiðbeinenda eða á sýningar. Nefndarmenn eru fjóri kosnir til fjögurra ára. Árlega gengur einn maður úr nefndinni.

Þórunn Þórunn

#### 10. Ritnefnd Tannlækna blaðs og heimasíðu

**Sigrún Jónsdóttir**, Berglind Jóhannsdóttir, Helgi Hansson og Jónas Geirsson

Hlutverk nefndarinnar er að gefa út Tannlækna blaðið einu sinni á ári á sama tíma (september / október) ár hvert og annast yfirritstjórn heimasíðu félagsins. Nefndin skiptir með sér verkum varðandi fjármál og faglegt efni blaðsins og skal vinna í nánu samstarfi við skrifstofu TFÍ, sem annast m.a. auglýsingamál blaðsins. Leita skal tilboða í blaðið og leggja fyrir stjórn TFÍ til samþykktar.

Þórunn Þórunn

#### 11. Ritnefnd Tannlæknatals

Sigurjón Sigurðsson, Gunnar Þormar, Gunnar Rósarsson og Jónas B. Birgisson.

Hlutverk nefndarinnar er að gefa út Tannlæknatal í samvinnu við stjórn félagsins. Stjórninni skal gerð grein fyrir kostnaðaráætlun við útgáfustarfsemina og samþykkja.

Þórunn Þórunn

#### 12. Samninganefnd við tannsmiði og FTAT

Gísli Vilhjálmsson, Guðrún Haraldsdóttir og Kristján Víkingsson

Nefndin hefur það hlutverk að semja um kaup og kjör f.h. TFÍ við tannsmiði og aðstoðarfólk tannlækna þegar samningar eru lausir. Samvinna skal vera milli stjórnar félagsins og nefndarin-nar. Félagsmenn geta leitað til nefndarmanna varðandi túlkun á þeim samningum sem í gildi eru.

Þórunn Þórunn

#### 13. Samninganefnd TFÍ og TR

**Formaður félagsins** (sjálfkjörinn), **Ingibjörg S Benediktsdóttir**, **Stefán Hallur Jónsson**, **Ásgeir Sigurðsson** og **Þorsteinn Sch Thorsteinsson**
Nefndin annast samningamál við Tryggingastofnun ríkisins í umboði stjórnar TFÍ. Nefndarmenn skulu upplýsa stjórn TFÍ reglulega um gang samningamála og bera undir hana allar ákvarðanir og samþykktir nefndarinnar. Ekkert mál má afgreiða nema með samþykki stjórnar TFÍ. Fjórir nefndarmenn skulu kosnir á aðalfundi en að auki sitji formaður TFÍ í nefndinni.

Þórunn Þórunn

#### 14. Samstarfsnefnd TFÍ og TR

Jón Ásgeir Eyjólfsson, varamaður Ingunn Mai Friðleifsson. Formaður félagsins. Varamaður Stefán Hallur Jónsson.

Samstarfsnefnd starfar samkvæmt ákvæðum samnings TFÍ og SHTR